

Íslandsmót í frisbígolfi 2013

28–30. júní



Föstudagur 28. júní

Kl. 20.00 Skráning á Íslandsmót

Kl. 20.30 Íslandsmeistaramótið í Texas scramble – Klambratúnsvöllur

Laugardagur 29. júní:

Opinn flokkur:

Spilaðir verða 2 hringir í Gufunesi.

Kl. 10.00 Spilaður fyrri 18 holu hringur –rauður teigar

Kl. 12.00 Hádegishlé

Kl. 13.00 Spilaður seinni 18 holu hringur

Kl. 16.00 Niðurskurði lokið. Efstu 50% fara áfram í úrslit. (lágmark 8 manns)

Sunnudagur 30. júní

Kl. 10.00 Undanúrslit. Spilaður verða 6 holur – hvítir teigar Gufunes

Úrslit. Efstu fjórir spila 6 holur – sérvaldir teigar Gufunes

Fimmti maður kemur inn ef munar þremur eða minna frá þriðja sæti (mótsstjóri ákveður það)

Kl. 12.00 Hádegisgrill fyrir alla keppendur í öllum flokkum (Gufunes)

Klambratúnsvöllur

Kl. 14.00 Kvennaflokkur – Klambratún (tveir hringir)
Byrjendaflokkur – Klambratún (einn/tveir hringir)

Kl. 15.00 Barnaflokkur – Klambratún (sex holur)

Hádegisgrill á sunnudegi í Gufunesi

Allir keppendur í byrjenda- og barnaflokki eru hvattir til að mæta í nýja grillskýlið (við körfu 2) í Gufunesi og taka þátt með okkur. Grillið er á sunnudeginum og hefst kl. 12 og kostar aðeins 1000 krónur á mann. Um klukkan 11 hefjast úrslitin í opna floknum og upplagt að mæta þá og fylgjast með.

Opinn flokkur A og B

Í opnum flokki verður keppt í tveimur flokkum A og B. Báðir flokkar spila af sömu teigum og ákveða keppendur sjálfir í hvorn flokkinn þeir skrá sig.

Flokkur A spilar bæði á laugardag og undanúrslit/úrslit á sunnudag. Sigurvegari A flokks fær nafnbótina Íslandsmeistari í Frisbígolfi 2013.

Flokkur B spilar ekki undanúrslit heldur líkur keppni á laugardag (tveir hringir). Veitt eru 1, 2 og þriðju verðlaun fyrir B flokkinn.

Öllum er heimilt að keppa í opnum flokki, óháð kyni og aldri.

Keppnisgjald í opinn flokk er 2000 kr. fyrir félagi ÍFS, 3000 kr. fyrir aðra. Innifalið er grillmáltíð í hádeginu á sunnudag (Gufunes).

Kvennaflokkur

Þessi flokkur er ætlaður öllum konum og sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari kvenna 2013.

Keppnisgjald í kvennaflokk er 2000 kr. fyrir félagi ÍFS, 3000 kr. fyrir aðra. Innifalið er grillmáltíð í hádeginu á sunnudag (Gufunes).

Barnaflokkur

Þessi flokkur er fyrir 14 ára og yngri, stelpur og stráka. Sigurvegari fær titilinn Íslandsmeistari barna 2013.

Keppnisgjald í barnaflokki er ekkert en greiða þarf 1.000 ef keppendur vilja taka þátt í grillinu í Gufunesi.

Byrjendaflokkur

Þessi flokkur er ætlaður fyrir þá sem eru byrjendur í sportinu eða hafa litla keppnisreynslu og treysta sér ekki að keppa í opnum flokki. Sigurvegari fær nafnbótina "Klambrarúnsmeistari 2013".

Keppnisgjald í byrjendaflokk er 1000 kr. fyrir félagi ÍFS, 2000 kr. fyrir aðra.

Í byrjendaflokki verður fyrirkomulagið þannig að allir spila einn hring og efstu menn spila síðan til úrslita seinni hring, hinir hafa lokið keppni.

Þetta niðurskurðarfyrirkomulag gerir ráð fyrir því að helmingur af byrjendaflokknum komist áfram og spili seinni hringinn.

Aukaverðlaun (folfdiskar) verða veitt í byrjendaflokknum en dregið verður úr öllum skráðum þátttakendum í byrjendaflokki.

Hverjir geta tekið þátt?

Allir geta tekið þátt óháð kyni og aldri. Nafnbótin "Íslandsmeistari" fær eingöngu sá sem hefur íslenskan ríkisborgararétt.